

Bláskógabyggð
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 27. júlí 2023
UST202307-177/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og á deiliskipulagi - Reykholt - verslunar- og þjónustusvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 og á deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Reykholti.

Í greinargerð kemur fram að heimildir til uppbyggingar á Skólavegi 1 verði rýmkaðar, en svæðið er innan verslunar- og þjónustusvæðisins VP36. Heimilt verður að byggja allt að 120 herbergja hótél á 3 hæðum og þjónustubyggingar við það, s.s. veitingaaðstöðu. Auk þess mun afmörkun á verslunar- og þjónustusvæðunum VP34 og VP35 verða aðlöguð að færslu götunnar og einnig afmörkun á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu AF35. Einnig segir að svæði fyrir samfélagsþjónustu minnki lítillega þegar lóðinni Reykholtubrekku 4 verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Fráveita

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í tillögunni komi fram áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja á og heimsækja verslunarsvæðið að jafnaði. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fráveitu, þ.e. hversu mörgum persónueiningum hún skal anna með tilliti til fjölda gesta og eðlis hreinsivirkja.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur